

Forsætisráðuneyti
b.t. Helga Valbergs Jenssonar
Lækjartorgi Stjórnarráðshúsinu
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. mars 2025
Tilv.: 2503012

Efni: Beiðni um umsögn skv. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 vegna ELMU orkuviðskipta ehf.

1. Samkeppniseftirlitið vísar til beiðni forsætisráðuneytisins, dags. 13. mars 2025, um umsögn skv. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 (hér eftir „*upplýsingalögin*“) vegna ELMU orkuviðskipta ehf. (hér eftir „*ELMA*“). Með umsagnarbeiðni ráðuneytisins fylgdu afrit af bréfi ELMU, dags. 12. mars 2025 ásamt fylgiskjöllum ásamt bréfi forsætisráðuneytisins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 5. apríl 2023.
2. Samkeppniseftirlitið veitti umsögn skv. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga vegna ELMU þann 24. mars 2023. Í umsögninni kom fram það mat Samkeppniseftirlitsins að fyrirbyggjandi upplýsingar gæfu vísbendingar um að fyrirhuguð starfsemi ELMU fæli ekki í sér starfsemi sem gæti talist til hefðbundinnar opinberrar starfsemi þrátt fyrir að vera í eigu íslenska ríkisins en að í ljósi takmarkaðra upplýsinga hefði Samkeppniseftirlitið ekki forsendur til að taka afstöðu til þess hvort skilyrði 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga væru uppfyllt.
3. Í beiðni forsætisráðuneytisins frá 13. mars sl. kemur fram að þann 27. janúar 2025, hafi ráðuneytinu borist erindi fjármála- og efnahagsráðuneytisins, þar sem fram kemur að samkvæmt upplýsingum frá ELMU, hafi fyrirtækið átt nokkra fundi með Samkeppniseftirlitinu þar sem starfsemin hafi verið kynnt sérstaklega fyrir Samkeppniseftirlitinu og að ELMA telji, með vísan til þeirra upplýsinga sem eftirlitinu hafi verið veittar, eigi að vera hægt að afgreiða beiðni þeirra um undanþágu frá upplýsingalögunum. Óskar forsætisráðuneytið því nú eftir umsögn Samkeppniseftirlitsins um tillöguna, sbr. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga.
4. Í athugasemdum með 3. mgr. 2. gr. í frumvarpi því er varð að upplýsingalögum segir að undanþáguheimildinni verði aðeins beitt ef starfsemi viðkomandi lögaðila sé að nær öllu leyti í samkeppni á markaði. Þá segir að skilyrði þess að undanþágan verði beitt séu í grundvallaratriðum þau að starfsemi viðkomandi aðila geti ekki talist til hefðbundinnar opinberrar starfsemi, svo sem þjónustustarfsemi sem fram fer á grundvelli laga, og að starfsemi hans sé að nær öllu leyti í samkeppni við einkaaðila. Jafnframt er tiltekið að ákvörðun um það hvort tiltekið fyrirtæki geti fallið undir undanþágureglu 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins verði að byggja á sérstöku mati á starfsemi viðkomandi fyrirtækis og markaðsaðstæðum á því sviði sem það starfar á. Þá er einnig tekið fram að undanþágunni beri að beita af mikilli varfærni og er m.a. vísað til þess að skv. 3. tl. 10. gr. frumvarpsins (4. tl. 10. gr. laganna) sé heimilt að takmarka rétt almennings til aðgangs að gögnum vegna samkeppnishagsmuna opinberra fyrirtækja og stofnana. Sú undanþága ætti oftast að nægja til að tryggja samkeppnislega hagsmuni fyrirtækja og stofnana sem eru í eigu opinberra aðila. Með 3. mgr. 2. gr. sé á hinn bóginn leitast við að einfalda afmörkun á gildissviði upplýsingalaga gagnvart þeim fyrirtækjum sem einvörðungu, eða að langstærstum hluta, sinna starfsemi sem er í samkeppnisrekstri.



5. Með vísan til framangreinds telur Samkeppniseftirlitið ljóst að umsögn stofnunarinnar eigi að varða og fjalla um starfsemi viðkomandi fyrirtækis og markaðsaðstæður á því sviði sem það starfar á, og þá sérstaklega hvort starfsemi umrædds aðila sé að nær öllu leyti í samkeppni við einkaaðila.
6. Í erindi Landsnets, dags. 10. febrúar 2023, kemur fram að ELMA orkuviðskipti sé dótturfélag þess og að tilgangur ELMU sé fyrirhugaður rekstur raforkumarkaðar á grundvelli ákvæða raforkulaga nr. 65/2003 (hér eftir „raforkulög“). Landsnet sé hlutafélag í 93,22% eigu Ríkissjóðs og samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga sé hlutverk þess að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í erindi Landsnets kemur fram að samkvæmt ákvæðum raforkulaga sé félaginu óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg sé til að geta rækt skyldur þess samkvæmt raforkulögum eða öðrum lögum. Félaginu sé þó heimilt að reka raforkumarkað samkvæmt a-lið 5. mgr. 8. gr. raforkulaga en í 18. gr. a sömu laga sé nánar kveðið á um leyfi til að reka raforkumarkað. Í þeirri grein komi fram að leyfi ráðherra þurfi til þess að reka raforkumarkað en slíkt leyfi feli hvorki í sér sérleyfi né önnur sérréttindi til handa leyfishafa og það verði aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila. Að mati Landsnets sé rekstur raforkumarkaðar samkeppnisstarfsemi og ELMU ekki ætlað að stunda neina opinbera starfsemi.
7. ELMA öðlaðist leyfi til reksturs raforkumarkaðar þann 22. desember 2023 og kynnti í kjölfarið Samkeppniseftirlitinu fyrir komandi starfsemi sinni á fundi þann 23. janúar 2024. Á heimasíðu ELMU kemur fram að félagið starfræki skammtímamarkað með raforku, þar sem ELMA gegni hlutverki miðlægs mótaðila á næsta-dags markaði og taki á sig áhættu vegna fjárhagslegs uppgjörs en næsta-dagsmarkaðurinn fór í loftið 11. mars 2025, sbr. markaðstilkynningu ELMU þess efnis frá 21. febrúar 2025. Býður ELMA einnig upp á sértækan rafrænan uppboðsmarkað fyrir langtímasamninga, sem hefur verið starfræktur síðustu misserin.
8. Þá liggur einnig fyrir að ELMA er ekki eina fyrirtækið hér á landi sem hefur verið veitt leyfi til reksturs raforkumarkaðar en fyrirtækið Vonarskarð ehf. hefur einnig slíkt leyfi og starfrækir raforkumarkað í samkeppni við ELMU.
9. Með hliðsjón af framansögðu felur starfsemi ELMU, einkahlutafélags í eigu Landsnets, í sér rekstur á heildsölumarkaði fyrir raforku á Íslandi. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur starfsemi ELMU ekki í sér starfsemi sem talist getur til hefðbundinnar opinberrar starfsemi þrátt fyrir að vera í eigu íslenska ríkisins. Fyrirtækinu hefur ekki verið falið að taka stjórnvaldsákvæðanir eða sinna þjónustu sem kveðið er á um í lögum að stjórnvald skuli sinna eða sem telst vera liður í opinberu hlutverki stjórnvalds. Fyrirtækið sinnir þannig sérfræðiþjónustu á almennum rekstrarlegum grundvelli að öllu leyti í samkeppni við einkaaðila og er að mati Samkeppniseftirlitsins mikilvægt að ekki skapist ójafnfræði í upplýsingaskyldu og miðlun með því að hluti markaðarins lúti ítarlegri upplýsingaskyldu umfram það sem almennt gerist á samkeppnismörkuðum.
10. Í ljósi þess er það mat Samkeppniseftirlitsins að skilyrði 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga séu uppfyllt í máli þessu.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið

Sigrún Eyjólfsdóttir